

1865.
30. ágúst.

þau mörk, er á þeim þurfa að vera, gefa út skýrteini þau, er sanna að skipið sé danskt, og hafa fullkomna skipaskrá, og sé sama aðferðin við höfð hvort sem skipin eru látin fara hafna á milli á Íslandi eða til útlanda.

Aðferð sú, sem höfð er nú sem stendur í konungsríkinu, þá er skip eru mæld, samkvæmt auglýsingu fjárstjórnarinnar 27. maímán. 1861, er fylgir með bréfi þessu, er samt álitin vera fremur óhagfelld, og hefir því þókt æskilegt, að reglum þeim, sem gefnar eru í auglýsingunni, sé breytt svo, að sama aðferð verði höfð hér og á Englandi. Í vetur er leið var sett nefnd manna til þess að ílhuga þetta málefni og líka það, hvernig eigi að haga skipaskráum og skjölum þeim, er eiga að sanna þjóðerni skipa; hefir nefndin nú komið fram með uppástungur sínar og samið tvö lagafrumvörp, annað um skipamælingar og hitt um skrásetning og þjóðernisskýrteini danskra skipa.

Um leið og vèr nú sendum yður, herra stiptamtmaður, þau tvö lagafrumvörp, er nú voru nefnd, skorum vèr á yður eptir beiðni aðalskattgjaldastjórnarinnar, að láta land- og bæjarfógetann í Reykjavík skýra frá álitinu sínu um þau, og bæði að láta í ljósi álit sjálfs yðar um það, hvort ákvarðanirnar í frumvörpum þessum geti átt við á Íslandi, og líka að koma með uppástungu um, hvernig eigi að koma ráðstöfunum þessum á þar á landi. Fylgiskjölin eruð þér beðnir að senda aptur með svari yðar.

11. sept.

71. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um barnalærdómsbók Balslevs.

Sira Ólafur Pálsson, prófastur og dómkirkjuprestur, hafði sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá, um að nota megi útleggingu af lærdómsbók Balslevs, sem hann hefir samið, jafnhliða lærdómsbók Balles, þegar börn á Íslandi eru undirbúin undir fermingu. Eptir að stjórnarráðinu hefir nú borizt álitsskjal yðar, háæruverðugi herra, um bænarskrá þessa, dagsett 8. f. m., skal

1865.

11. sept.

yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að kirkju- og kennslustjórnin ekki er því mótmælt, að útlekking sú á lærdómsbók Balslevs, sem Ólafur prófastur Pálsson hefir samið, sé notuð þegar börn á Íslandi eru undirbúin undir fermingu, en þér verðið þó áður að ganga úr skugga um, að bókin sé vel útlögð.

72. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfrvaldanna á Íslandi, um viðurhald á herbergjum skólameistarans og eldivið handa honum.

14. sept.

Í bréfi 7. febrúarmán. þ. á. hefir stiptamtíð og þér, háæruverðugi herra, spurt um:

1. hvort skólameistariinn við hinn lærða skóla í Reykjavík, sem hefir bústað í skólahúsinu sjálfu, er fylgir embættinu, eigi að vera undanþeginn þeirri skyldu, að halda herbergjum sínum við óskemmdum, þar sem hinir aðrir embættismenn á Íslandi, sem hafa bústað er fylgir embættinu, eru skyldir til að halda honum við; og
2. hvort ekki sé rétt, að, í stað þess að skólameistariinn hingað til hefir fengið eldivið til að halda lestrarherbergi sínu heitu, sé tiltekið hversu mikinn eldivið hann eigi að fá til þessa, svo að það sé nóg, en að hann verði sjálfur að kaupa sér þann eldivið, sem hann þarf með að öðru leyti.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði skólameistarann það, að hinni fyrri spurningunni verður að svara með jáyrði. Það er í þessu tilliti aðgæzluvert, að staða skólameistarans er ólík stöðu hinna annara embættismanna á Íslandi, sem veittur er bústaður ókeypis með því skilyrði, að þeir greiði sjálfir kostnað þann, er gengur til þess að halda honum við, þar sem honum ekki er fengið hús útaf fyrir sig, er fylgir embætti hans, eins og hinum embættismönnum, heldur herbergi kauplaust í skólahúsinu, en því er haldið við á kostnað ríkissjóðsins. En ástæðan til þess, að þessu er þannig komið fyrir, er einmitt sú, að